

**Fyrsti fundur foreldrafélags Grunnskóla Stykkishólms
5. október 2010 kl. 18:00**

Mættir: Gunnar Svanlaugsson, Helga Sveinsdóttir, Einar Gunnarsson, Erla Friðriksdóttir, Rafn Rafnsson, Magnús Bæringsson, Dallilja Steinarsdóttir, Sigríður Elísabet, Wioletta Maszda, Anna Melsteð, Guðrún Svana Pétusdóttir, Alexander Helgason, Kristín Víðisdóttir, Sigrún Anna, Berglind Eva, Karín Rut Bæringsdóttir, Hildigunnur Jóhannesdóttir.

Gunnar Svanlaugsson skólustjóri bauð alla velkomna og fór yfir ýmis mál og sagði frá skólastarfinu og skipan skólaráðs. 2 fulltrúar foreldrafélagsins voru tilnefndir í fyrra Hafrún Bylgja og Ingi Ingason og voru þau skipuð til tveggja ára.

Kosin var stjórn:

Formenn: Magnús Ingi Bæringsson
Sigríður Elísabet
Kristín Víðisdóttir gjaldkeri
Ritari: Anna Melsteð

Rætt var um starfsemi félagsins. Anna M greindi lauslega frá starfi ársins á undan. Lög félagsins voru skoðuð sérstaklega í fyrra og búið að gera tillögu að lagabreytingum. Það verkefni bíður þessarar stjórnar. Einnig var rætt lítillega um aðkomu foreldrafélagsins að forvarnarstarfi og fræðslufundum.

Rætt var um dagsetningu og fyrirkomulag jólaföndurs í ár og virtist vilji vera til þess að skipta fönndrinu á tvo daga, ekki taka allt á einum degi eins og í fyrra. Foreldrafulltrúar myndu koma með hugmynd að fönndri fyrir hvern bekk.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 19:00
Anna Melsteð